

Háskólafélag Suðurlands

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra til aðalfundar 2018 um starfsemina 2017



Inngangur .....	3
Stjórn Háskólafélagsins .....	4
Starfsmenn .....	5
Húsnæði .....	5
Helstu breytingar á verkefnum Háskólafélagsins árið 2017 .....	6
Þjónusta við fjarnema .....	7
Önnur verkefni .....	8
Samstarfið við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).....	9
Samstarfið við Fræðslunetið og möguleg sameining félaganna .....	10
Helstu samstarfsaðilar.....	11

## INNGANGUR

Háskólafélag Suðurlands var stofnað 19. desember 2007 og varð því 10 ára í lok ársins. Háskólafélagið er einkahlutafélag, stofnað af þrettán sveitarfélögum á Suðurlandi auk Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Heimanmundur félagsins frá eignaraðilum sínum voru fjármunir frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, 69.590.580 kr. Í ársbyrjun 2014 gerðist Sveitarfélagið Hornafjörður aðili að félaginu með kaupum á hlutafé að upphæð kr. 6.263.313.

Meginstarfsstöð Háskólafélagsins er á Selfossi í Fjölheimum við Tryggvagarð. Þar eru nú þrír starfsmenn félagsins í þremur stöðugildum. Auk þess er starfsmaður í hálfu starfi á Hvolsvelli og sinnir hann verkefnum í tengslum við samstarfssamning félagsins við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

Samkvæmt samþykktum einkahlutafélagsins er tilgangur félagsins að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með því að reka þekkingarnet á Suðurlandi sem felur í sér að;

- miðla háskólanámi í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi og í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla,
- sérsauma endurmenntun sem hæfir atvinnulífinu, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra,
- samhæfa og styrkja rannsóknir í fjórðungnum með því að auka samvinnu rannsóknarstofnana og fyrirtækja og
- leita eftir og miðla erlendri þekkingu með samvinnu við erlenda aðila á sviði menntunar og rannsókna.

Í samningi félagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið eru meginmarkmið hans skilgreind sem þrjúþætt:

- bæta aðgengi íbúa Suðurlands að námi
- stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna og fræðastarfs,
- reka tímabundin átaksverkefni sem stuðla að byggðapróun og nýsköpun á starfssvæði HfSu

Jafnframt er tekið fram í samningnum að félagið leiði vinnu við þróun þekkingarnets á Suðurlandi sem miðar að samhæfðri starfsemi staðbundinna þekkingarsetra annars vegar, og HfSu og Fræðslunetsins hins vegar.

## STJÓRN HÁSKÓLAFÉLAGSINS

Stjórn Háskólafélagsins er skipuð eftirtöldum:

Sveinn Aðalsteinsson, formaður

Kristín Hermannsdóttir, varaformaður

Helga Þorbergsdóttir, ritari

Dagný Magnúsdóttir,

Olga Lía Garðarsdóttir,

Rögnvaldur Ólafsson,

Sigurður Þór Sigurðsson.



Stjórn og framkvæmdastjóri á afmælisfundi HfSu 19.12.2017. Á myndina vantar Kristínu Hermannsdóttur. Mynd: Magnús Hlynur Hreiðarsson

## STARFSMENN

Starfsmenn Háskólafélagsins eru:

Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri

Guðlaug Ósk Svansdóttir, verkefnastjóri

Hrafnkell Guðnason, verkefnastjóri

Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri



Núverandi og fyrrverandi starfsmenn HfSu á afmælisfundi 19.12.2017. Á myndina vantar Guðlaugu Ósk Svansdóttur. Mynd: Magnús Hlynur Hreiðarsson

## HÚSNÆÐI

Höfuðstöðvar félagsins eru í Fjölheimum á Selfossi. Þar eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, lesstofa fyrir nemendur, kaffistofa og hópinnuaðstaða fyrir nemendur auk funda- og viðtalsherbergja.

Háskólafélagið er formlegur leigutaki húsnæðisins, alls 1620 fermetra, af Sandvíkursetri ehf, fasteignafélagi í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Um tíu ára leigusamning er að ræða (til ársloka 2022) og er umsamið leiguverð 15,7 mkr/ári, bundið vísitölu neysluverðs. Fjögur fyrstu ár leigutímans er þó veittur afsláttur af leigunni og er hún þannig 9 mkr

2013, 10 mkr 2014, 12 mkr 2015 og 13 mkr 2016. Að teknu tilliti til vísitöluákvæða samningsins var leigan 2017 17,3 mkr.

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi er stærsti notandi húsnæðisins en auk þess hefur fjöldi aðila aðsetur í Fjölheimum. Á árinu urðu þær breytingar að Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi flutti starfsstöð sína á Suðurlandi á Laugarvatn en nýir leigutakar á árinu voru Fornleifastofnun Íslands og þýðingarfyrirtækið Braundugla. Þá fjölgaði starfsmönnum Markaðsstofu Suðurlands og flutti hún aðsetur sitt í kennslustofu sem breyttist þannig í fimm manna fjölnota rými. Aðrir leigjendur í Fjölheimum eru Birta starfsendurhæfing, Náttúrustofa Vestfjarða, Réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Suðurlandi, Minjavörður Suðurlands, Sálin sálfræðistofa; Lausnin fjölskyldumiðstöð og ráðgjafafyrirtækið Næsta skref. Framkvæmdastjóri Háskólafélagsins heldur utan um rekstur þekkingarsamfélagsins í Fjölheimum sem telur hátt á þriðja tug starfsmanna og sinnir þjónustu við hundruðir nemenda, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi, en þekkingarsetrið sem slíkt nýtur engra styrkja frá opinberum aðilum.

## HELSTU BREYTINGAR Á VERKEFNUM HÁSKÓLAFÉLAGSINS ÁRIÐ 2017

Á árinu 2017 festist í sessi sú breyting sem varð á rekstri félagsins árið áður með með samstarfssamningnum við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um ráðgjafabjónustu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála. Er félagið einn nokkurra aðila á Suðurlandi sem SASS gerði samning við og er verkefnum samningsins sinnt frá starfsstöð félagsins í Fjölheimum en sem fyrr segir er auk þess starfsmaður félagsins á Hvolsvelli í hálfu starfi vegna þessa. Gerð er nánari grein fyrir verkefnum í sérstökum kafla aftar í skýrslunni.

Á haustdögum varð sú breyting að Nýheimar þekkingarsetur á Höfn tók við nærþjónustu við háskólanema í sveitarfélaginu af Háskólafélaginu. Nærþjónustuna á Höfn má rekja til þeirrar stöðu sem kom upp þar um áramótin 2013/2014 þegar Austurbrú hætti starfsemi sinni á Höfn. Sveitarfélagið Hornafjörður hafði þá gerst aðili að Háskólafélaginu með kaupum á hlutafé. Fljótlega hóf Fræðslunetið einnig starfsemi á Höfn og höfðu félögin samstarf um starfsemina þar, m.a. með samnýtingu starfsmanna. Hluti fjárveitinga Austurbrúar vegna framhaldsfræðslunnar fluttist til Fræðslunetsins en engin slík breyting náðist fram varðandi

háskólapjónustuna. Allt frá árinu 2014 hafði Þekkingarsetrið í Nýheimum verið með samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og í október 2017 varð það að samkomulagi að nærþjónusta við háskólanema á Höfn færðist til Þekkingarsetursins í Nýheimum í stað þess að Háskólafélagið sinnti henni í samstarfi við Fræðslunetið.

Háskólafélagið er áfram í góðu samstarfi við Þekkingarsetrið í Nýheimum, starfsmaður félagsins situr í stjórn þess og félögin hafa haft samstarf um einstök verkefni og styrkjaumsóknir.

## ÞJÓNUSTA VIÐ FJARNEMA

Umfangsmesta fastaverkefni félagsins má segja að sé þjónusta við nemendur á háskólastigi á starfssvæðinu, aðallega fjarnema. Bæði er um að ræða rekstur á lesaðstöðu en einnig er mikill fjöldi nema, bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi, sem þreytir próf hjá félaginu. Þá eru nemendur Háskólans á Akureyri (HA) í hjúkrunarfræði og kennaranámi sem sækja kennslustundir í fjarfundarbúnaði á vegum félagsins en það fyrirkomulag er nú að leggjast af, þess í stað nýta allir fjarnemar HA upptökur af kennslustundum sem aðgengilegar eru á kennsluvef skólans. Eftir sem áður er mikilvægt að fjarnemar eigi sér samastað þar sem þeir geta stundað nám sitt og stappað stálinu hver í annan. Langmesta umfangið á þessu sviði er í Fjölheimum, en einnig var þjónusta af þessu tagi í boði í Vík, á Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Á vorönn voru 461 skráningar til prófs hjá félaginu og á haustönn voru þær 602. Starfsmenn félagsins sjá um að taka við þessum prófum í tölvupósti eða prenta út af vef skólanna, fjölfalda og hefta, skipuleggja, sjá um yfirsetu og sendingu á úrlausnum til skólanna, yfirleitt í pósti en einnig eru úrlausnir í mörgum tilfellum skannaðar og sendar í tölvupósti. Skólarnir greiða ekki fyrir þessa þjónustu nema Háskólinn á Bifröst og Fjölbrautaskólinn við Ármúla fyrir sína nemendur.

Félagið hefur síðan 2013 tekið gjald af fjarnemum vegna þessarar þjónustu en frá og með haustönn 2015 var það einnig gert í Vík og á Höfn. Þessi gjaldtaka er félaginu mjög mikilvæg en hún skilaði félaginu tæplega 3,5 mkr tekjum 2017. Í Fjölheimum er þessi gjaldtaka samþætt við greiðslu fyrir námsaðstöðuna, þ.e. þeir sem greiða sérstaklega fyrir aðgang alla daga vikunnar þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir prófin.



Ingibjörg Blaka Hreggviðsdóttir flytur ávarp fyrir hönd kandiðata á háskólahátíð í Fjölheimum 23. júní 2017. Mynd Sigurður Sigursveinsson

## ÖNNUR VERKEFNI

Ingunn Jónsdóttir verkefnastjóri hefur tekið þátt í NORA verkefni í samvinnu við Matís og fleiri aðila um lífhagkerfið (Bio economy) í dreifbýli. Þrátt fyrir að Ingunn hafi látið af störfum hjá Matís í byrjun mars 2016 kom hún áfram að verkefninu og sótti vinnufund í verkefninu í mars en því lauk síðar á árinu 2017.

Vorið 2017 lauk tilraunakennslu á afurðum Erasmus+ verkefnisins um nýsköpun og stjórnun í ferðaþjónustu sem Ingunn Jónsdóttir leiddi í samstarfi við University of Highlands and Islands í Skotlandi og University of Malaga á Spáni. Sjö nemendur luku námi á námsbrautinni og fékk það mjög góða dóma, bæði hjá nemendum og ytri matsaðilum og verkefnið var í framhaldinu tilnefnt til fyrirmyndarverkefna í Erasmus+ áætluninni. Þá fékk félagið á árinu þróunarstyrk úr Fræðslusjóði að upphæð rúmlega 2,3 mkr; „Ferðamálabró - rafrænt námsefni“, en verkefnið felur í sér að koma afurðum fyrirnefnds verkefnis á rafrænt form.

Haustið 2016 hófst tveggja ára Nordplus Horizontal verkefni með þátttöku Háskólafélagsins. Verkefninu er stýrt af dönskum aðila en auk þess eru



Þátttakendur frá Noregi og Eistlandi, bæði sveitarfélögum og háskólum. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar er fjallað um mismunandi leiðir til að koma fræðslu/kennslu til skila, m.a. í ljósi tæknibreytinga, og hins vegar um hugtakið resilience sem þýtt hefur verið sem seigla á íslensku. Framkvæmdastjóri og Ingunn verkefnastjóri hafa tekið þátt í verkefninu fyrir hönd HfSu. Í janúar 2017 var haldinn vinnufundur á Selfossi og í lok ágúst í Kristiansand í Noregi, en að öðru leyti er notast við fjarfundi (webinars) á netinu í samstarfinu.

Framkvæmdastjóra félagsins var boðin þátttaka í Baltic Leadership Programme for Cluster Managers vegna starfa hans fyrir Kötlu jarðvang. Í þessu sambandi sótti hann tvo fundi í verkefninu í október og desember, en Ísland á aðkomu að því í gegnum Norrænu ráðherranefndina en auk hans sótti framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans þessa fundi.

Framkvæmdastjóri tók virkan þátt í móttöku tveggja sérfræðinga á vegum UNESCO í sambandi við úttekt á starfsemi Kötlu jarðvangs en jarðvangurinn hafði fengið svokallað gult spjald við úttekt 2015. Ítarleg frásögn af úttektinni birtist í Dagskránni í ágúst sl. Eins og undanfarin ár studdi félagið við jarðvanginn með því að fjármagna ferð framkvæmdastjóra Háskólafélagsins á tvo árlega fundi í European Geoparks Network, í mars og september, en hver jarðvangur þarf að senda tvo fulltrúa á þessa fundi. Í tengslum við septemberfundinn ár hvert er haldin opin ráðstefna um málefni jarðvanga og flutti framkvæmdastjóri erindi á ráðstefnunni um ferðamennsku og eldvirkni, en ráðstefnan fór að þessu sinni fram á Azoreyjum. Óvenju margir Íslendingar sóttu ráðstefnuna að þessu sinni og má segja að það sé til vitnis um það hversu vel hefur tekist til með þetta brautryðjendaverkefni Háskólafélagsins.

Í maí sótti framkvæmdastjóri fund í Kanada á vegum verkefnisins Drifting apart en það er verkefni á vettvangi Norðurslóðaverkefnis Evrópusambandsins varðandi sameiginlega jarðfræðiarfleifð landanna við norðanvert Atlantshaf. Reykjanes Geopark er aðili að verkefninu en Háskólafélagið fyrir hönd Kötlu jarðvangs á aukaaðild að því. Uppsetning sl. sumar á sýningu um Kötlu jarðvang í Kötluasetri var m.a. fjármögnuð með styrk frá verkefninu.

#### **SAMSTARFIÐ VIÐ SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA (SASS)**

Allt frá árinu 2013 hefur félagið átt umtalsverða aðkomu að Sóknaráætlun Suðurlands í góðri samvinnu við SASS og Fræðslunetið en 1. mars 2016

varð sú meginbreyting að nú er formlegur samningur milli Háskólafélagsins og SASS varðandi ráðgjafarþjónustu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála auk áhersluverkefna sóknaráætlunar. Árið 2017 er fyrsta heila árið skv. þessum samningi og er það mat framkvæmdastjóra að samstarfið hafi nýst vel báðum samningsaðilum. Auk Háskólafélagsins eru aðrir samningsaðilar SASS í þessu verkefni Nýheimar þekkingarsetur, þekkingarsetur Vestmannaeyja, Kötlusetur og Markaðsstofa Suðurlands, en auk þess tók nýr starfsmaður verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar virkan þátt í samstarfinu á liðnu ári. Verkefni Háskólafélagsins skv. þessum samningi hafa þróast þannig að verkefnastjórnir Hrafnkell og Guðlaug sinna einkum ráðgjafarþjónustu í sambandi við Uppbyggingarsjóð Suðurlands en Ingunn og Sigurður hafa sinnt einstökum áhersluverkefnum Sóknaráætlunar, Guðlaug og Hrafnkell koma þó einnig að áhersluverkefnunum.

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2016 var gerð viðamikillar könnunar á fjarnámi á Suðurlandi; greining á áhuga, þörf og eftirspurn fyrir fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi. Félagsvísindastofnun sá um gerð könnunarinnar í samstarfi við SASS og HfSu. Niðurstöður voru kynntar á fundi á Hótel Selfossi í maí 2017 og um haustið gerðist Háskólafélagið samstarfsaðili að þremur þróunarverkefnum Háskóla Íslands varðandi fagháskólastigið, þ.e. í ferðamálum, tækniþæði og hagnýtum leikskólafræðum, en aðkoma Háskólafélagsins er m.a. byggð á nýju áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands 2018 um fagháskólanám á Suðurlandi – tilraunaverkefni.

Starfsmenn félagsins hafa komið að ýmsum fleiri verkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands, m.a. Kortavef Suðurlands, Starfamessu í FSu, Ungmennaráði Suðurlands og uppsetningu á FabLab verkstæði á Selfossi.

## SAMSTARFIÐ VIÐ FRÆÐSLUNETIÐ OG MÖGULEG SAMEINING FÉLAGANNA

Eins og fram kom í starfsskýrslunni fyrir árið 2016 var talsverð umræða um mögulega sameiningu félaganna í kjölfar þess að í nóvember 2015 rituðu félögin bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem stjórnir félaganna lýstu sig reiðubúna til viðræðu við ráðuneytið um

sameininguna og nauðsynlega stefnumörkun og fjármögnun í því sambandi. Engin formleg viðbrögð bárust við því erindi.

Erindi stjórnar Háskólafélagsins frá því í desember 2016 með beiðni um fund með fulltrúum Fræðslunetsins til að fara yfir minnisblað Háskólafélagsins um kosti þess að sameina starfsemi félaganna í nýju félagi var ekki svarað en framkvæmdastjóri Fræðslunetsins lagði til við stjórn Fræðslunetsins að samstarf félaganna yrði aukið. Stjórn Fræðslunetsins samþykkti tillögu framkvæmdastjórans og fól framkvæmdastjóra og starfsfólki að skoða slíka möguleika á grunni fyrrgreindra hugmynda. Framkvæmdastjóri mundi síðan gera stjórn grein fyrir framgöngu samvinnunnar fyrir 1. júní 2017. Ekkert virðist hins vegar hafa orðið af þessum áformum, og samvinna félaganna hefur fremur minnkað en aukist.

## HELSTU SAMSTARFSAÐILAR

Meðal innlendra samstarfsaðila Háskólafélagsins á árinu má nefna Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Keili, Háskólann á Hólum, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Matís, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Atorku, Kötlum jarðvang, Kirkjubæjarstofu, Kötlusetur, Skálholtsskóla, Nýheima þekkingarsetur, Endurmenntun HÍ, mennta- og menningarmálaráðuneytið, auk ýmissa annarra stofnana og fyrirtækja, bæði á Suðurlandi og utan þess.

Meðal erlendra samstarfsaðila má nefna European and Global Geoparks Networks, UNESCO, Nordplus, Erasmus+, NORA, Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og ýmissa samstarfsaðila innan þessara samstarfsáætlana. Þá tók félagið auk þess á árinu á móti gestum frá Eistlandi, Tékklandi, Slóveníku og Rúmeníu varðandi ýmis málefni.